

Fundargerð

15. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2004-2006, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 17. ágúst 2005, kl. 20:15.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Einar K. Jónsson, Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Birgir Guðjónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, unglíngalandsliðsþjálfari og formaður íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

1) Fundargerðir

- a) Fundargerð 14. fundar stjórnar. Afgreiðslu frestað.

2) Fjármál og rekstur

- a) Staða fjármála. Yfirlit yfir fyrstu 6 mánuði ársins lagt fram.
- b) Greiðsla dagpeninga í ferðum erlendis. Frestað til næsta fundar.

3) Móta- og íþróttamál

- a) Samþykkt tillaga ÍÞA um val á keppendum á NM unglínga 19 ára og yngri, sem fram fer í Kristiansand 27.- 28. ágúst nk.
Eftirfarandi voru valdir til að taka þátt í mótinu:
Sveinn Elías Eliasson, Stefán Guðmundsson, Kári Steinn Karlsson, Þorsteinn Ingvarsson, Brynjar Gunnasson, Magnús Valgeir Gíslason, Sigurbjörg Ólafsdóttir, Íris Anna Skúladóttir, Þóra Kristín Pálsdóttir, Dagrún Inga Þorsteinsdóttir, Fanney Björk Tryggvadóttir, Helga Margrét Þorsteinsdóttir, Linda Björk Lárusdóttir, Ragnheiður Anna Þórsdóttir. Fararstjórnar og þjálfarar verða þeir Jón Sævar Þórðarson og Jón Friðrik Benónýsson
- b) Formaður greindi frá því helsta á heimsmeistaramótinu í Helsinki. Hann sagði að skoða þyrfti betur undirbúning okkar fyrir þau stórmót sem framundan eru í ljósi reynslu þessa móts.
- c) Þing IAAF. Birgir sagði frá helstu breytingum á keppnisreglum sem samþykktar voru á þingi IAAF, sem fram fór í tengslum við HM, en hann sat þingið, ásamt formanni. Birgir mun taka saman lista yfir helstu breytingar til kynningar s.s. á netinu og á mótþingi í haust. Birgir yfirgaf fundinn að þessu loknu.
- d) Lögð fram skýrsla Fríðu Rún Þórðardóttur frá Ólympíuhátíð æskunnar.
- e) Lögð fram skýrsla Gunnar Páls Jóakimssonar frá EM 19 ára og yngri.
- f) Landsliðsþjálfaramál. Rætt.
Samþykkt að gera lauslega könnun á því hvað margir þjálfarar eru starfandi hér á landi hjá félögum og héraðssamböndum. Sonja Sif og framkvæmdastjóri safni þessum upplýsingum saman.
- g) Afrekssjóður- umsóknir. Rætt.
- h) Undirbúningur fyrir Smáþjóðarleika 2007. Formaður ræddi um að koma þyrfti á fundi með öðrum sérsamböndum á næstunni, vegna næstu leika, til að ræða mögulegar breytingar fyrir þá leika, þar sem það yrði að samþykkjast á fundi Smáþjóðaleika sambandins í lok þess árs.
- i) Reglur í ferðum á vegum FRÍ erlendis. Samþykkt að skoða betur reglurnar og leggja fram á næsta fundi.
- j) Framkvæmd samþykkt frá frjálsíþróttapingum 2004. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir þær tillögur sem samþykktar voru á þingum FRÍ á sl. ári.
Samþykkt að stjórnarmenn skoði þetta betur milli funda.
- k) Norræn ráðstefna um íþróttir barna og unglínga. Samþykkt að Sonja Sif sækji ráðstefnuna af hálfu FRÍ. Framkvæmdastjóri tilkynni það til ÍSÍ.

- l) Lögð fram endurskoðuð drög að mótaskrá 2006. Í framhaldi af upplýsingum um dagskrá nýju Laugardalshallarinnar, er nauðsynlegt að endurskipuleggja innanhússmótaskrá ársins. Framkvæmdastjóri skoði það í samráði við Sonju Sif.
- m) Mót á Sauðárkróki 3. september.
Rætt um fyrirhugað mót, Reykjavík/landið á Sauðárkróki 3. sept. nk. Samþykkt að láta forsvarsmenn mótsins vita af því að ekki standi til að halda uppskeruhátíð sambandsins í tengslum við mótið, þar sem sambandið sé með aðrar hugmyndir í því sambandi síðar í haust.

4) Móta- og Aukaþing EAA.

Stefán sagði frá helstu þáttum í undirbúningi þingsins 13.-15. okt. nk. Fram kom að undirbúningur væri á áætlun og að EAA virðist vera sátt við framgang mála. Enn er stefnt að því að halda vígslu nýju Íþrótt- og sýningarhallarinnar í tengslum við þingið og allt útlit er fyrir að það náist.

5) Innsend erindi/mál

- a) Bréf frá Fríðu Rún, dagsett 12. júlí, beiðni um flugmiða vegna þjálfararáðstefnu í Newcastle í september. Samþykkt að Fríða fái fríflugmiða til London.
- b) Bréf frá Fríðu Rún, dagsett 12. júlí, ósk um leyfi stjórnar til viðræðna við SSÍ um hugsanlega samvinnu. Samþykkt.
- c) Bréf frá frjálsíþróttadeild Breiðabliks, dagsett 2. ágúst, fyrirspurn varðandi tímátöku á MÍ 12-14 ára. Vegna misskilnings var þetta erindi ekki afgreitt fyrir MÍ um sl. helgi. Framkvæmdastjóri gangi frá bréfi til FH.
- d) Bréf frá ÍSÍ, dagsett 10. ágúst, niðurstöður í lyfjaeftirliti.
Eftirtaldir frjálsíþróttamenn voru nýlega boðaðir til lyfjaeftirlits:
Linda Björk Lárusdóttir, Breiðabliki.
Sigurbjörg Ólafsdóttir, Breiðabliki.
Eva Hrönn Árelíusdóttir, FH.
Jóhanna Ingadóttir, ÍR.
Niðurstöður liggja fyrir og fundust engin lyf af bannlista í sýnunum.
- e) Tilkynning um félagaskipti;
Heiðar Geirmundsson, kt. 290484-2789, úr FH (ÍBH) í UMFG (HSH).
Fær réttindi til að keppa fyrir UMFG þann 23. ágúst nk.
- f) IAAF, þjálfaranámskeið í Loughborough 18.-25. september nk.
- g) Lagðar fram upplýsingar um námskeið frjálsíþróttþjálfarafélags Evrópu, 4.-5. nóv. í Sofíu í Búlgaríu nk. Framkvæmdastjóri sendi upplýsingar um námskeiðið til þjálfara til kynningar.

3) Önnur mál

- a) Norrænn fundur framkvæmdastjóra á Íslandi 23.-24. sept.
Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi. Erlendu gestirnir munu dvelja á Hótel Park-inn, en fundurinn mun fara fram hér í Íþróttamiðstöðinni.
- b) Einar minnti á að ganga þyrfti frá skráningu FRÍ ehf. sem fyrst.
- c) Rætt um Evrópubíkarkeppnina í sumar. Formanni falið að ræða við aðila sem hlut áttu að máli.
- d) Stefán óskaði eftir að sjá skýrslu yfirdómara vegna Meistaramóts Íslands.

Fundi slitið kl. 23:10

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson